



UMHVERFIS
STOFNUN

Látrabjarg

Aðgerðaáætlun




UMHVERFIS
STOFNUN

Um aðgerðaáætlunina

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í til að verndargildi Látrabjargs haldist. Aðgerðirnar miða jafnframt að því að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn svæðisins.

Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar uppbygging innviða og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Þær eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái stöðugt hverju sinni.



Uppbygging innviða

Árlegar eða reglubundnar aðgerðar

Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu friðlandsins Látrabjargís

Uppbygging innviða

Vegir og bílastæði

- Hönnun og uppbygging nýs bílastæðis við Bjargtanga þar sem aðgengi hreyfihamlaðra verði tryggt.

Skilti

- Hanna og koma fyrir tveimur upplýsingaskiltum í laus pláss í skiltaborg við núverandi bílastæði. Annað sem sýnir yfirlitskort og gönguleiðir í friðlandinu og hitt sem sýnir umgengisreglur friðlandsins.
- Setja upp sex lítil fræðsluskilti á staura meðfram gönguleiðum frá bílastæði/Bjargtangavita að Ritugjá með upplýsingum um einkennistegundir Látrabjargs. Skiltin taka á sig vind og skulu sett upp árlega að vori og tekin niður þegar varpflug er farinn að hausti til að varna foki.
- Setja upp aðkomuskilti þar sem mörk friðlandsins skera vegi.
- Koma skal fyrir tveim drónaskiltum, til viðbótar þeim sem fyrir eru, við Bjargtangavita og Ritugjá.
- Huga skal að endurnýjun WC skiltis við þjóðveg sunnan Brunna

Gönguleiðir

- Greiða skal farveg gangandi um bjargbrún með malarstígum eða tröppum þar sem hægt er fyrir bratta svo komið verði í veg fyrir frekara gróðurrof.
- Setja skal fram upplýsingar um þær gönguleiðir sem til staðar eru, sem og fornar alfaraleiðir, á myndrænan hátt á kortaskilti við bílastæði svo gestir eigi auðvelt með að átta sig á aðstæðum og vegalengdum.
- Hringleið frá nýju bílastæði að Ritugjá og vita verði hönnuð og gerð.
- Í tengslum við hönnun hringleiðar skal skilgreina útsýnisstaði til stýringar á umferð og hanna þá þannig að þeir þjóni gildi sínu.
- Aðgengi og öryggi á umferð gangandi um Smáhamra verði bætt.

Landvarsla

- Koma skal upp varanlegu húsnæði fyrir landverði á Látrabjargi.

Árleg verkefni

- Ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.
- Fylgst verði með ástandi náttúrufars og innviða og ráðstafanir um úrbætur gerðar eftir því sem þörf er á, sem hluti af ástandsmati.
- Samstarfsnefnd friðlandsins Látrabjargs skal funda tvisvar á ári og fjalla um málefni friðlandsins.
- Gönguleiðir ástandsskoðaðar og lagfærðar eftir föngum. Verði vart við hættur á gönguleiðum nálægt bjargbrún skal girða hættusvæði af eða auðkenna með skýrum hætti.
- Vinna skal fræðsluáætlun fyrir Látrabjarg
- Samið við Vegagerðina um afnot af aðstöðu í áhaldahúsi við Bjargtangavita fyrir landvörð svo hann hafi íverustað og geti skýlt sér fyrir veðri og vindum eftir þörfum.
- Setja fram fræðsludagskrá landvarða.
- Sinna viðhaldi öryggisinnviða.

Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

- Haust 2024 - endurskoða heimasíðu Látrabjargs og gera af henni enska útgáfu.
- Haust 2024 - kannað skal, í samráði við Minjastofnun Íslands, hvort ástæða er til að beina umferð frá friðuðum fornminjum á bjargbrún eða verja á annan hátt.



UMHVERFIS
STOFNUN